# SAFNAHELGIN
4.-7. NÓV. 2021

## FIMMTUDAGUR 4. NÓVEMBER:

**13:30 -15:30 SAFNAHÚS**
Elstu myndir Ljósmyndasafnsins dregnar fram í tilefni Safnahelgar, í bland við nýrri myndir.

**17:00 STAFKIRKJA**
*Setning Safnahelgar 2021.* **Sr. Guðmundur Örn Jónsson** og **Kristín Jóhannsdóttir**. **Magnús R. Einarsson** flytur tónlistaratriði.

**19:00 - 21:00 SAFNAHÚS**
Opnun sýningarinnar *Íslenska lopapeysan, uppruni – saga – hönnun.* Í kjölfar opnunarinnar verður boðið upp á leiðsögn í lopapeysuprjóni fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.

## FÖSTUDAGUR 5. NÓVEMBER:

**16:00 - 17:00 FAB LAB – ÆGISGÖTU 2, 3. HÆÐ**
Opið hús. Gestum og gangandi boðið að skoða nýja aðstöðu í Fab Lab-smiðjunni undir leiðsögn **Frosta Gíslasonar** verkefnisstjóra.

**16:00 - 18:00 FISKIÐJAN**
Opnun sýningarinnar *Ljóðræn list að vetri* á 3. hæð að Ægisgötu 2. Um er að ræða samsýningu 26 félagsmanna í Lista- og menningarfélagi Vestmannaeyja. Sýningin er sölusýning.

**17:00 SJÓMINJASAFN ÞÓRÐAR RAFNS Á FLÖTUM**
*„Saga af manni og bát.“* **Kristín Ástgeirsdóttir** fjallar um Óla í Bæ – Ólaf Ástgeirsson. **Kristinn R. Ólafsson** leggur orð í belg eftir vefleiðum frá Spáni. **Marinó Sigursteinsson** segir frá leiðangri nokkurra félaga, sem nýlega sóttu mögulega eina varðveitta bátinn sem enn lifir af smíði Óla, til Vopnafjarðar.

**20:30 ELDHEIMAR**




**Sólveig Pálsdóttir** rithöfundur les og kynnir nýja, æsispennandi glæpasögu sína, *Skaði*, sem gerist í Vestmannaeyjum.




**Gísli Matthías Auðunsson**, stjörnukokkur kynnir nýútkomna bók sína, *Slippurinn*, uppskriftir og sagan á bak við Slippævintýrið.

***Óvænt tónlistaratriði og léttar veitingar.***

## OPNUNARTÍMAR SAFNA OG SÝNINGA:

Opið í **ELDHEIMUM** alla daga milli 11 og 17.

Frítt inn í **SAGNHEIMA-BYGGÐASAFN** í Safnahúsi og **SAGNHEIMA-NÁTTÚRUGRIPASAFN** við Heiðarveg, laugardag og sunnudag. Opið milli 13 og 16 báða daga.

Sýning í **SAFNAHÚSI** opin laugardag og sunnudag milli 13 og 16.

Frítt inn á **SJÓMINJASAFN ÞÓRÐAR RAFNS** á Flötum, laugardag og sunnudag milli 13 og 16.

**GESTASTOFA SEALIFE TRUST** verður opin milli 10 og 16 á laugardag og milli 13 og 16 á sunnudag. Frítt inn fyrir heimafólk en tekið á móti frjálsum framlögum.

Sölusýning Lista- og menningarfélags Vestmannaeyja í **FISKIÐJUNNI** verður opin laugardag og sunnudag milli 13 og 17.

**HVÍTA HÚSIÐ** (aðsetur Lista- og menningarfélags Vestmannaeyja) opið laugardag og sunnudag milli 14 og 16.

**BÓKASAFN VESTMANNAEYJA** opið laugardag milli 13 og 16.

## LAUGARDAGUR 6. NÓVEMBER:

**10:00 - 16:00 GESTASTOFA SEALIFE TRUST**
Ljósmyndasýning **Tesni Ward** og **UK Press Association**.
*Ferðalag mjaldrasystranna frá Kína til Íslands.*

**13:00 - 16:00 BÓKASAFN VESTMANNAEYJA**
Sögustund og föndur.

**13:00 - 15:00 SAFNAHÚS**
Eftirfarandi höfundar kynna nýútkomnar bækur sínar:




**Kristín Ástgeirsdóttir**
*- Oddgeir Kristjánsson. Þeir hreinu tónar.*




**Erla Hlynsdóttir**
*- 11.000 volt: Þroskasaga Guðmundar Felix.*




**Rannveig Borg Sigurðardóttir**
*- Fíkn*

**13:00-17:00 ÞEKKINGARSETUR VESTMANNAEYJA, - ÆGISGÖTU 2, 2. HÆÐ**
Opið hús og vöfflukaffi til styrktar íþróttafélaginu Ægi.

**16:00 HVÍTASUNNUKIRKJAN**
Árlegir tónleikar **Lúðrasveitar Vestmannaeyja**.
Aðgangseyrir er 2500 kr, ókeypis fyrir styrktarfélaga Lúðrasveitarinnar. Fjölbreytt dagskrá.
Stjórnandi **Jarl Sigurgeirsson**.

**18:00 GOTT**
**Helga og Arnór** flytja ljúfa tóna fram eftir kvöldi.




**20:30 KVIKA**
Kvöldskemmtun **Leikfélags Vestmannaeyja**,
*Síðan eru liðin mörg ár.* 2. sýning.

## SUNNUDAGUR 7. NÓVEMBER:

**12:00 SAFNAHÚS**
*Fjölþjóðleg ráðstefna um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum* í samstarfi við Sögusetur 1627 og Uppbyggingarsjóð SASS. Nýjar, fræðilegar útgáfur og skáldsögur á erlendum tungumálum kynntar. **Ragnar Óskarsson** setur ráðstefnuna og **Kári Bjarnason** stýrir.
***Stutt erindi flytja:***
**Karl Smári Hreinsson** – Útgáfur og not *Reisubókar séra Ólafs.*
**Mats Royter** – *Turkräden*: skáldsaga um vestmanneyska fjölskyldu sem er handtekin og flutt nauðug til Alsír.
**Joris van Os** – *Þáttur Hollendinga í Tyrkjaráninu.*
**Adam Nichols** – *Murad Reis og Murate Flamenco: Foringjar innrásarhópanna.*

**Tríó Ásgeirs Ásgeirssonar**
flytur íslensk þjóðlög í austrænum stíl.

***Veitingar í anda Norður-Afríku.***

SÖGUSETUR 1627

SASS
SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Vestmannaeyjabær